



Stöðuskýrsla Samhæfingarstöðvar Almannavarna (SST)

Nr. 2

4. ágúst 2022 kl. 16:00

Eldgos í Meradölum



Gosstöðvarnar 3. ágúst 2022

Ljósmynd: Veðurstofan

Meginatriði

- Samkvæmt aðgerðarstjórn gekk nóttin ágætlega. Tveir einstaklingar slösuðust í nótt og þurfti annar flutning með þyrlu. Töluvert var um akstur utan vega.
- Virkni eldgossins hefur verið svipuð og minni skjálftavirkni á svæðinu núna. Hraunbreiðan stækkar hratt og hraun er farið að flæða út úr dalverpinu þar sem sprungan opnaðist.
- Aðgengismál er helsta áskorunin eins og staðan er núna. Gangan að gosstöðvum er mun lengri núna og engir vegir. Verið er að skipuleggja aðgengismál til lengri tíma.

Samantekt

Samkvæmt aðgerðastjórn gekk gærkvöldið og síðastliðna nótt ágætlega. Eitthvað var um akstur utan vega og kærur liggja fyrir vegna utanvegaaksturs. Tveir ferðamenn slösuðust á göngu og þurfti annar þeirra að fara með sjúkraflugi á sjúkrahús. Fleiri minniháttar slys urðu á fólki sem hægt var að sinna á staðnum. Þótt gosið sé á hentugum stað þá taka öll útköll langan tíma. Enn er ekki fyllilega vitað um gasmagn á gossvæðinu og fólk því hvatt til að sleppa því að fara með ung börn þangað.

Virkni eldgossins hefur verið svipuð og minni skjálftavirkni á svæðinu núna. Hraunbreiðan stækkar hratt og hraun er farið að flæða út úr dalverpinu þar sem sprungan opnaðist. Sprungan er ekki jafnlöng og í gær en flæðið er mest fyrir henni miðri og vísbendingar um að sprungan gæti lengst til norðurs. Haldið verður áfram að fylgjast með svæðinu. Svo virðist sem ekki sé komið jafnvægi á

þrýstinginn í kvikuganginum. Samkvæmt jarðeðlisfræðingum felur það væntanlega í sér að annað hvort á flæðið eftir að aukast upp úr ganginum eða að gos gæti hugsanlega hafist á nýjum stað.

Í kvöld mun lægja á svæðinu og þá er hætt á að gas safnist saman í lautum. Einnig fer gasmengunin að hluta til yfir gönguleiðina að gosstöðvunum í norðanáttinni sem er ríkjandi núna.

Samhæfing

Samhæfing aðgerða hefur gengið vel. Samhæfingarstöð Almannavarna (SST) er í stöðugu samstarfi við viðbragðsaðila og aðra vegna gossins. Helstu fundir sem haldnir voru í dag eru eftirfarandi:

- Stöðufundur samhæfingarstöðvar, aðgerðastjórna og vettvangsstjórnar
- Fundur vísindaráðs Almannavarna
- Fundur um flugsamgöngur
- Upplýsingafundur Veðurstofu Íslands
- Fundur með samráðshóp ráðuneytisstjóra
- Fundur Almannavarna og Embætti landlæknis vegna gosmengunar

Starfandi samhæfingaraðilar og staðsetning þeirra:

SST

- Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð 14, hefur verið starfandi frá upphafi goss.

AST

- AST Höfuðborgarsvæði, Skógarhlíð 14.
- AST Suðurnesjum, í slökkvistöð í Reykjanesbæ.

VST

- VST Grindavík, Björgunarsveitin Þorbjörn.

Aðrir

Veðurstofa Íslands, vísindasamfélagið, Isavia, Vegagerðin, veitufyrirtæki, sveitarfélög, Embætti landlæknis og Umhverfisstofnun.

Starfssvæði

Þau starfssvæði sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum eru:

- Reykjanes
- Höfuðborgarsvæði

Starfssvæðin hafa fengið þá aðstoð sem þau hafa óskað eftir.

Björgunarstörf

Aukinn fjöldi björgunarsveitafólks frá nærliggjandi svæðum hefur verið boðaður út til að tryggja öryggi við gosstöðvarnar og munu þau standa vaktina við gosstöðvarnar allan sólarhringinn.

Næsta stöðuskýrsla

Næsta stöðuskýrsla er áætluð á morgun 5. ágúst kl. 16:00

Stöðuskýrsla unnin af:
Ingibjörg Lilja Ómarsdóttur

Stöðuskýrsla samþykkt af
Jón Svanberg Hjartarsyni

Sign

Sign

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfingar- og stjórnstöð Almannavarna

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is

Fyrirspurnir sendist á: almannavarnir@logreglan.is